



100 | KOSNINGARÉTTUR
ÁRA | KVENNA Á ÍSLANDI

Greinargerð um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna 2015

Störf afmælisnefndar, undirbúningur, viðburðir og afmælishaldið

Efnisyfirlit

Inngangur	2
100 ára kosningaréttar minnst 2015 – ákvörðun Alþingis	2
Undirbúningur frá mars 2014.....	2
Verkefni á vegum afmælisnefndarinnar.....	4
1) Safnaverkefni.....	4
2) Ritverk	5
3) Hátíðahöld – 19. júní á Austurvelli	5
4) Styrkir til ýmissa verka	5
5) Alþjóðaráðstefna.....	6
Undirbúningur og skipulagning fyrir 19. júní.....	6
Dagskrá 19. júní í Reykjavík	7
Hátíðahöld 19. júní víðar en í Reykjavík	10
Aðrir viðburðir sem hvatt var til og afmælisnefndin kom að	10
Sinfóníuhljómsveit Íslands.....	10
Frímerki	11
Sveitarfélögin.....	11
Kórar	11
Skólar – leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar	12
Skólavefur.....	12
Söfnin.....	12
Listasöfnin	13
Kvenfélögin.....	13
Kvenréttindafélagið.....	14
Bókaútgáfa, heimildarmyndir, dansverk og leikrit	14
„Instagram“-myndasamkeppnir	15
Ríkisútvarpið.....	15
N4-sjónvarpsstöðin	15
Hátíðahöld	16
Fræðslugöngur um konur	16
Ýmislegt	16
Ömmufyrirlestrarnir – sögu kvenna þarf að rita	16
Fánar.....	17
Hátíðahöld 19. júní á Akureyri, dæmi um afmælishald að frumkvæði bæjarfélags á landsbyggðinni .	17
Starfslok nefndarinnar.....	20

Ljósmyndir á forsiðu: Bragi Þór Jósefsson

Inngangur

Þessi greinargerð er samantekt á verkefnum afmælisnefndar vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna árið 2015. Einnig er fjallað um undirbúninginn fyrir afmælisárið, birtar skýrslur frá þeim sem gerðir voru samningar við um verkefni afmælisnefndarinnar og tekin dæmi um viðburði og verkefni sem unnin voru af öðrum en nefndinni. Öll gögn frá afmælisárinu hafa verið vistuð í skjalageymslu Alþingis, svo sem fundargerðir, kynningarefni, samningar, listar yfir styrkveitingar og styrkþega, skýrslur frá styrkþegum um verkefni sem styrkt voru og önnur þau gögn sem nefndinni bærust. Sömu leiðis er fræðslu- og kynningarefni um afmælið aðgengilegt á vef nefndarinnar kosningarettur100ara.is og upplýsingar um viðburði á afmælisárinu á rafrænu dagatali. Þar eru skráðir á fjórða hundrað viðburðir en sú upptalning er alls ekki tæmandi. Í þessari rafrænu skýrslu eru ítarupplýsingar og fróðleikur um ýmsa viðburði sem er hægt að kalla fram, en svo er þó ekki um alla viðburðina og fer það nokkuð eftir því hvaða gögn voru tiltæk í rafrænu formi þegar skýrslan var gerð.

100 ára kosningaréttar minnst 2015 – ákvörðun Alþingis

Á grundvelli samþykktar Alþingis á [þingsályktunartillögu forseta Alþingis, Ástu R. Jóhannesdóttur, o.fl.](#), um að halda skyldi hátíðlegt 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, sem ályktun Alþingis, 11. mars 2013, hélt forseti Alþingis, Einar K. Guðfinnsson, fund í Sjóminjasafninu Víkinni laugardaginn 14. september 2013. Þar var kosin afmælisnefnd. Fundarmenn voru fulltrúar þeirra kvennahreyfinga sem komu að hugmyndavinnunni við undirbúning þingsályktunartillögunnar. Í afmælisnefndina voru kosin Auður Styrkársdóttir, formaður, Steinunn Stefánsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, varaformaður, Ólafía B. Rafnsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og varamenn Drífa Hjartardóttir, Erla Karlsdóttir og Ingimar Karl Helgason.

Nefndin hóf þegar störf og ákvað helstu verkefni á vegum hennar og skiptingu fjármuna. Forsætisnefnd Alþingis ákvað 18. september 2013 að auglýsa eftir starfsmanni. Afmælisnefndin hélt tíu fundi áður en starfsmaður var ráðinn.

Auglýst var eftir framkvæmdastjóra gegnum Capacent. Ásta R. Jóhannesdóttir var ráðin sem framkvæmdastjóri og tók til starfa 1. mars 2014. Kolbrún Halldórsdóttir sagði sig úr nefndinni í febrúar 2014 og varð Drífa Hjartardóttir þá aðalmaður. Allir nefndarmenn, aðal- og varamenn, voru boðaðir á fundi afmælisnefndarinnar sem urðu 29 talsins.

Undirbúningur frá mars 2014

Fyrsti mánuðurinn fór í að koma upp skrifstofu, fá síma, tölvu, prentara og húsgögn, láta hanna merki (lógó), og annað eftir því. Það var Snæfríð Þorsteins, grafískur hönnuður sem gerði merki afmælisársins.

100 | **KOSNINGARÉTTUR**
ÁRA | **KVENNA Á ÍSLANDI**

Nefndin naut liðsinnis starfsmanna Alþingis við verkefnið. Þar ber að nefna fyrstan Þorstein Magnússon, aðstoðarskrifstofustjóra á Alþingi, sem var tengiliður nefndarinnar við yfirstjórn Alþingis, þá Ólaf Thorarensen, umsjónamann fasteigna Alþingis, og svo starfsmenn upplýsingatækniskrifstofu Grím Jónsson, Garðar Adolfsson og Gunnar Geir Hinriksson sem voru boðnir og búnir að aðstoða við öll tæknileg málefni. Þá skal einnig nefna Hildi Gróu Gunnarsdóttur, deildarstjóra almannatengsla Alþingis, sem var ómetanleg við ýmis verk og undirbúning viðburða sem tengdust Alþingi.

Heimasíða eða vefsíða var útbúin, og er slóð hennar www.kosningarettur100ara.is, þar sem dagatal viðburða allt árið var aðgengilegt, fréttir um viðburði og aðrar gagnlegar upplýsingar um kosningaréttinn og kvennabaráttuna. Þar voru birtir á fjórða hundrað viðburðir sem alls ekki er tæmandi yfirlit yfir allt sem gert var. Margt var í gangi sem ekki fór inn á dagatalið, svo sem tugir viðburða á vegum Reykjavíkurborgar og viðburðir annarra sveitarfélaga, félagasamtaka og safna. Verkefni sem náðu yfir lengri tíma, eins og vinna wikipediu-hópsins sem safnaði og vann endurgjaldslaust efni um kosningaréttinn og söguna fyrir wikipediu, með tilstyrk afmælisnefndar, gerð stuttmynda og ritverka, fóru t.d. ekki á dagatalið. Einnig var afmælisnefndin með Facebook-síðu. Auður Styrkárstöttir formaður annaðist síðurnar.



Vorið og sumarið 2014 fór fram mikil vinna við að hvetja grasrótina, kvennahreyfingar, jafnréttissamtök og skóla, til að taka þátt í afmælishaldinu og undirbúa verkefni og/eða viðburði til að minnast kosningaréttarins árið eftir. Bréf var sent öllum skólustjórnendum og þeir hvattir til að efna til umræðu meðal nemenda, láta vinna verkefni eða koma málefnum kvenna, kvenréttinda og lýðræðis á dagskrá í náminu. Þessi aðferð, að senda bréf í pósti, reyndist kostnaðarsöm. Eftir það var sími og tölvupóstur notaður til að hafa samband við þá sem gætu fagnað og tekið þátt í afmælishaldinu. Var það gert „maður á mann“. Persónulegur póstur var sendur og/eða hringt beint í viðkomandi. Það skilaði mjög góðum árangri. Þannig var haft samband við sveitarstjórnarmenn um allt land, bæjarstjóra og sveitarstjóra, formenn eða forstöðumenn safna, söngsveitir, kóra og kórstjóra, öll kvenfélög á landinu og mjög mörg félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir.

Undirrituð fundaði með forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, um afmælishaldið haustið 2014 og var rætt á þeim fundi hvernig forsetaembættið og forseti gæti komið að afmælishaldinu eða stutt við það. Forseti gerði 100 ára kosningaréttinn að meginumræðuefni í áramótaávarpi sínu 1. janúar 2015 sem gaf upphafi afmælisársins mikið vægi. Forseti bauð öllum fyrirlesurum á alþjóðaráðstefnunni „Borgaraleg réttindi kvenna í

100 ár“, þann 22. og 23. október til veglegrar móttöku á Bessastöðum að lokinni ráðstefnunni. Einnig fundaði undirrituð í mars 2014 með forsætisráðherra, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, og ráðuneytisstjóra hans, Ragnhildi Arnljótsdóttur, um þátt ríkisstjórnarinnar í afmælinu, m.a. um almennan frídag eða frí frá vinnu föstudaginn 19. júní 2015.

Forsætisráðherra tók vel í allar hugmyndir á fundinum og vildi skoða málið. Fundað var með fleiri ráðherrum og framámönnum um aðkomu að afmælishaldinu, meðal þeirra Degi B. Eggertssyni borgarstjóra sem tók vel í að borgin kæmi öflug að verki, sem hún og gerði. Hann fól forseta borgarstjórnar, Sóleyju Tómasdóttur, umsjón með því fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Borgin ákvað að efna til 100 viðburða vegna þessara merku tímamóta. Þá ræddi undirrituð við Eirík Björn Björgvinsson, bæjarstjóra Akureyrar, og ýmsa bæjarfulltrúa og var einnig mjög veglega staðið að afmælishaldi í höfuðstað Norðurlands. Allmarga af þessum viðburðum styrkti afmælisnefndin.

Verkefni á vegum afmælisnefndarinnar

Afmælisnefndin ákvað að skipta fjárveitingu Alþingis til afmælishaldsins 2014 og 2015 niður í eftirfarandi fimm verkefni: Safnaverkefni, ritverk, hátíðahöldin 19. júní á Austurvelli, styrki til ýmissa verkefna og alþjóðaráðstefnu.

1) Safnaverkefni

Gerðir voru samningar milli afmælisnefndarinnar og hinna stóru meginsafna landsins, Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og Landsbókasafns – Háskólabókasafns.

Í samningnum við *Þjóðminjasafnið* var kveðið á um verkefni sem safnið tækist á hendur á árinu 2015. Þar má nefna sýninguna „Íslenskar konur í 100 ár, 1915–2015“ sem sett yrði upp í Bogasal. Hún fékk síðan heitið „Hvað er svona merkilegt við það?“ Hún var opnuð 19. júní 2015. Þá var kveðið á um yfirferð um grunnsýningu safnsins með „kynjagleraugum“ í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttarins, en mikið vantaði á að konur og saga þeirra hefði viðlíka sess í sýngum safnsins og karlar. Þetta bæri að leiðrétta. Var farið í það verk á árinu.

Ljósmyndasafn tímaritsins Veru var skráð og gert aðgengilegt og sömuleiðis ljósmyndasafn baráttukonunnar Vilborgar Harðardóttur blaðamanns, en komið var upp sýningu með myndum hennar. Haldnir voru nokkrir fyrirlestrar í tengslum við sýningarnar í fyrirlestrasal safnsins.

Sjá nánar í greinargerð frá Þjóðminjasafninu um framkvæmd samningsins.

Listasafn Íslands setti upp tvær stórsýningar samkvæmt samningi við afmælisnefndina. Hinn 30. janúar 2015 var opnuð sýningin „Áhrifakonur í íslenskri myndlist“ og 12. september var opnuð stór yfirlitssýning á verkum Nínu Tryggvadóttur.

Einnig gaf Listasafnið út bók um Nínu Tryggvadóttur á árinu og stóð fyrir málþingi um list hennar. Sjá nánar í greinargerð frá Listasafni Íslands.

Samið var við *Landsbókasafn – Háskólabókasafn* um að setja upp sýninguna „Saga kosningaréttar í máli og myndum“. Hluti af sýningunni var útbúinn sem farandsýning. Sú sýning fór víða um land.

Samkvæmt samningnum var haldið málþingið „Veröld sem ég vil“ um kosningarétt og lýðræði í Þjóðarbókhöðunni í samstarfi við Kvinnasögusafnið, RIKK og Jafnréttisstofu. Sjá nánar [greinargerð frá Landsbókasafni](#).

Verið er að gera rannsóknir og skrá handrit, einkaskjöl, blöð og tímarit sem hafa að geyma upplýsingar um réttindabaráttu kvenna á Íslandi, einnig samkvæmt samningnum. Farið var í mikið átak í að safna saman frásögnum af ömmum og annað átak í að safna skjölum kvenna, dagbókum, frásögnum, ljóðum og öðrum skrifum, í framhaldi af allri umræðunni sem skapaðist um stöðu þeirra mála. Þá var opnað vefsetrið „Konur og stjórnmal“ <http://www.konurogstjornmal.is/> með aðgengi að upplýsingum og efni um kosningarétt kvenna, sögu hans og þróun, í samræmi við samninginn.

2) Ritverk

Hafin er vinnsla á riti helguðu 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna sem koma mun út 2020. Það er unnið samkvæmt samningi við Sögufélagið. Ritnefnd var skipuð á afmælisárinu. Í henni sitja Auður Styrkárstöttir, formaður, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðni Th. Jóhannesson og Sumarliði Ísleifsson. Nefndin hefur fengið Ragnheiði Kristjánsdóttur og Erlu Huldu Halldórsdóttur til verksins og hafa þær skilað inn grunngrind af ritinu þegar þetta er ritað í desember 2015.

3) Hátíðahöld – 19. júní á Austurvelli

Ákveðið var að efnt yrði til almennrar hátíðar á kvenréttindadaginn 19. júní, með hátíðahöldum á Austurvelli. Tillaga hafði komið fram um að fá KÍTÓN, félag kvenna í tónlist, að verkinu og vekja m.a. athygli á stöðu kvenna í tónlist.

Sjá nánar um undirbúninginn og framkvæmdina í kaflanum um hátíðahöldin síðar í skýrslunni.

4) Styrkir til ýmissa verkefna

Mikilvægt þótti að virkja frumkvæði landsmanna í hátíðahöldum og minningarathöfnum. Til að vekja hugmyndir og styrkja frumkvæði var stofnaður sérstakur sjóður opin umsóknnum um fjárstyrki vegna verkefna sem tengjast kosningarétti og kosningaréttarbaráttu kvenna og til að vekja athygli á lýðræði og jafnrétti.

Styrkjum var úthlutað í tvennu lagi, í nóvember 2014 og febrúar 2015. Umsóknirnar voru 80 talsins í fyrri úthlutun í nóvember. Af þessum 80 umsóknum mat úthlutunarnefndin 32 svo að þær féllu ekki eða illa að markmiðum afmælisársins. Samþykkt var að 48 aðilar fengju styrk. Þar var sótt um 48.310.000 kr. sem var langt umfram ráðstöfunarfé afmælisnefndarinnar. Veittar voru samtals 11.180.000 kr. í styrki og voru þeir á bilinu 50.000 til 1.000.000 kr.

Við síðari úthlutun í febrúar bárust 70 umsóknir. 28 verkefni fengu ekki styrk þar sem þau töldust ekki eða illa samræmast markmiðum. Alls var úthlutað rúmlega 8.000.000 krónum í síðari úthlutun til 42 verkefna. Þess má geta að dæmi voru um að styrkur færi til fleiri en eins verkefnis.

Lista yfir umsækjendur, umsóknir og greinargerðir frá styrkþegum er að finna í skjalasafni Alþingis.

5) Alþjóðaráðstefna

Framkvæmdanefndin ákvað að gangast fyrir alþjóðlegri ráðstefnu þar sem fjallað yrði um þróun borgaralegra réttinda kvenna. Ísland hefur frá árinu 2009 verið fremst í röð hvað varðar stöðu kvenna samkvæmt hinum alþjóðlega mælikvarða Alþjóðæfnahagsráðsins (World Economic Forum). Íslenskar konur hafa náð langt og hafa mörgu að miðla umheiminum, en líka margt að læra.

Gerður var verksamningur við Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands um að sjá um framkvæmd ráðstefnunnar og skildi undirbúningur fara fram í samráði við velferðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Jafnréttisstofu, Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna við HÍ (MARK), Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Reykjavíkurakademíuna, Femínistafélag Íslands o.fl.

Alþjóðlega ráðstefnan „Borgaraleg réttindi kvenna í 100 ár“ var haldin 22. og 23. október í samstarfi við Alþingi, velferðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Jafnréttisstofu, MARK og Rannsóknastofnu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, RIKK. Norræna ráðherranefndin kom að ráðstefnunni fyrri daginn og þá var einnig haldin málstofa til heiðurs frú Vigdísar Finnbogadóttur með þátttöku m.a. Gro Harlem Brundtland. Ráðstefnan sem haldin var í Hörpu var mjög vel heppnuð og sóttu hana yfir 500 manns. Ókeypis var fyrir alla á ráðstefnuna en skrá þurfti þátttöku fyrir tilsettan tíma.

Halla Gunnarsdóttir var starfsmaður RIKK í þessu verkefni og sá um skipulag og undirbúning í samstarfi við sérstaka framkvæmdanefnd fyrir ráðstefnuna sem undirrituð átti sæti í.

Sjá nánar um ráðstefnuna í greinargerð frá Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands (RIKK) og myndbandsupptökur frá ráðstefnunni.

Undirbúningur og skipulagning fyrir 19. júní

Undirbúningur. Eins og fram kemur í upphafi greinargerðarinnar átti undirrituð fund með forsætisráðherra í mars 2014 þar sem hátíðahöldin og fleira tengt þeim var til umræðu. Þar var óskað eftir því að ríkisstjórnin hvetti til þess að gefið yrði frí 19. júní 2015 þar sem daginn bar upp á föstudag sem var almennur vinnudagur. Það yrði gert svo að konur gætu tekið þátt í almennum, skipulögðum dagskráratríðum þann dag í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttarins. Hugmyndir höfðu komið fram um að gera kvenréttindadaginn 19. júní að almennum frídegi en ekki var hljómgrunnur fyrir því. Vorið 2015 var síðan sent bréf til forsætisráðherra og ríkisstjórnar um frídag 19. júní svo að almenn þátttaka gæti orðið í skipulögðum hátíðahöldum. Ríkisstjórnin tók málið fyrir á fundi sínum 14. apríl 2015 og hvatti til þess að gefið yrði frí og urðu allir sem höfðu tök á við því og gáfu frí frá vinnu síðdegis og jafnvel allan daginn. Mörg dæmi voru um að fyrirtæki og stofnanir héldu upp á daginn með starfsfólki sínu áður en haldið var til hátíðahaldanna.

Allur undirbúningur fyrir 19. júní, skipulag og framkvæmd dagskrár var á hendi undirritaðrar. Hófst vinnan við undirbúning strax í janúar með fundum um dagskrána. Kallaðir voru til fulltrúar KÍTÓN, en fram hafði komið hugmynd um að fá þær konur til að koma að verki.

Þær Védís Hervör Árnadóttir og Lára Rúnarsdóttir lögðu fram tillögur KÍTÓN að framlagi kvenna í tónlist til hátíðahaldanna, stórtónleikum í Hörpu og sjónvarpsþáttum í Sjónvarpinu (RÚV) í aðdraganda 19. júní sem yrðu upptaktur að tónleikunum. Þessar tillögur voru lagðar fyrir afmælisnefndina sem samþykkti þær. Var síðan gerður samningur við KÍTÓN um tónleika og sjónvarpsefni um stöðu kvenna í tónlist, en konur hljóta aðeins 9% af STEF-greiðslum. Við vinnsluna á verkefninu varð það niðurstaðan að tónleikarnir yrðu að kvöldi 19. júní í Hörpu og sendir út beint í Sjónvarpinu svo að allir gætu notið þeirra hvar sem þeir væru á landinu.

Þá var farið að undirbúa dagskrána fyrir hátíðahöldin 19. júní í miðbænum um daginn. Undirrituð lagði til að horft yrði til hátíðahaldanna fyrir 100 árum á sama stað og reynt að láta viðburði kallast á við þau. Komu þær Hildigunnur Einarsdóttir og Lilja Dögg Gunnarsdóttir kórstjórar að þeirri vinnu með framkvæmdastjóra að því er laut að tónlistaratriðum, skipulagi þeirra og lagavali sem var ómetanlegt.

Dagskrá 19. júní í Reykjavík

Hátíðin var með viðburðum víða um miðbæinn, við þinghúsið, á Austurvelli, í ráðhúsinu, á Lækjargötu og Fríkirkjuvegi. Almenn dagskrá í Reykjavík 19. júní 2015 var eftirfarandi: Hún hófst kl. 11.00 um morguninn við Óðinstorg, í Hljómskálagarðinum og að Hallveigarstöðum. Tónlistarhópurinn Náttól frá Hinu húsinu og Unnur Sara Eldjárn fluttu lög eftir kventónskáld á Óðinstorgi. Gjörningaklúbburinn var með klukkustundar gjörning við Perluvestina, höggmyndir eftir konur í Hljómskálagarði. Farin var ganga frá Perluvestinni í Hólavallakirkjugarð við Suðurgötu. Þar lagði forseti borgarstjórnar, Sóley Tómasdóttir, blómsveig á leiði Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. Opið hús var á Hallveigarstöðum með yfirskriftinni „Félög kvenna fyrr og nú“. Ávörp voru flutt, súpa í boði og spjall.

Lækjargata ómaði til heiðurs konum kl. 14.30–15.30. Þar voru á ferðinni: Söngfjlagið undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar sem söng við Stjórnarráðið. Nýlókórinn undir stjórn Snorra Sigfúsar Birgissonar flutti talverkið Vatnsberann eftir Hörpu Björnsdóttur við styttna Vatnsberann og sönghópur úr Domus Vox undir stjórn Margrétar Pálmadóttur söng við styttna Móðurást. *Austurvöllur ómaði til heiðurs konum* kl. 15.00–16.00, þar voru höfundarverk kvenna í öndvegi. Karlakórinn Þrestir söng undir stjórn Jóns Kristins Cortez og Söngsveitin Fílharmónía undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar.

Skrúðganga var farin frá Miðbæjarskóla að Austurvelli. Gangan kallaðist á við gönguna sem farin var frá Miðbæjarskólanum 1915 þegar konur fögnuðu nýfengnum réttindum og hvítklæddar prúðbúnar telpur ásamt hljóðfæraleikurum leiddu gönguna. Að þessu sinni var það Barnakór Vatnsendaskóla með íslenska fána sem leiddi gönguna frá Miðbæjarskólanum inn á Austurvöll ásamt harmonikusveit stúlkna, félögum í Æskulýðssambandi Íslands og Æskulýðsvettvanginum, skátum og öðrum hátíðargestum. Sungin voru lög kvenna, til dæmis Aravísur Ingibjargar Þorbergs.



Athöfn á Austurvelli og við Alþingishúsið hófst kl. 16.00 og var henni sjónvarpað beint á RÚV og stjórnaði Björn Emilsson henni. Mikill undirbúningur var fyrir hátíðahöldin og skipulagsvinna, umsóknir um leyfi, gerð leikmyndar fyrir kóra, val á ræðumönnum og á kynni, í samstarfi við Alþingi, Reykjavíkurborg og lögregluna í Reykjavík. Dagskráin hófst á kórsöng þar sem „Vorlauf“, lag Hildigunnar Rúnarsdóttur við ljóð Þorsteins Valdimarssonar, var sungið fyrir framan aðaldyr Alþingishússins af sameiginlegum stórkór Léttisveitar Reykjavíkur og kóranna sem sungu áður í miðbænum. Þá flutti frú Vigdís Finnbogadóttir ávarp frá svölum Alþingishússins. Léttisveit Reykjavíkur undir stjórn Gísla Magna Sigríðarsonar frumflutti lagið „Við gerum faqran neista að björtu báli“. Lagið er eftir Gísla Magna og ljóðið eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur. Lagið og ljóðið voru samin sérstaklega í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna fyrir Léttisveit Reykjavíkur. Léttisveitin fékk styrk til verksins, en hún fagnar 20 ára afmæli á árinu.

Forseti Alþingis, Einar K. Guðfinnsson, flutti síðan ávarp af svölum Alþingishússins. Barnakór Vatnsendaskóla undir stjórn Þóru Marteinsdóttur söng síðan „Dómar heimsins dóttir góð“, lag eftir Valgeir Guðjónsson við ljóð Jóhannesar úr Kötlum, áður en höggmynd af Ingibjörgu H. Bjarnason alþingismanni, fyrstu konunni sem kjörin var til setu á Alþingi, var afhjúpuð við Skála Alþingis. Ungar stúlkur, fulltrúar komandi kynslóðar kvenna, afhjúpuðu listaverkið. Höggmyndina gerði Ragnhildur Stefánsdóttir myndhöggvari að beiðni Ástu R. Jóhannesdóttur og tók ár að vinna verkið. Höggmyndin var færð þingi og þjóð að gjöf í tilefni 100 ára kosningaréttarins og voru gefendur Arion banki, Landsbankinn, Íslandsbanki, MP banki, Seðlabankinn, Valitor, Borgun, Eimskip, BM Vallá og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Listaverkið er fyrsta heila höggmyndin af nafngreindri konu í Reykjavík. Afhjúpuninni lauk með kórsöng er Léttisveit Reykjavíkur og Kvennakórinn Katla sungu „Áfram stelpur“. Texti lagsins er eftir Dagnýju Kristjánsdóttur og Kristján J. Jónsson, en lagið samdi Gunnar Edander. Dagskránni lauk með baráttuávarpi Fríðu Rósar Valdimarsdóttur, formanns

Kvenréttindafélags Íslands. Kynnir dagskrárinnar var *Pórunn Lárusdóttir* leikkona. Hér lauk útsendingu Sjónvarpsins um daginn en Sjónvarpið sendi út tónleika afmælisnefndarinnar og KÍTÓN um kvöldið.

Dagskráin hélt áfram í Ráðhúsi Reykjavíkur að lokinni dagskrá við Austurvöll. Þar var fluttur gjörningur Elínar Önnu Þórisdóttur og Hörpu Rúnar Ólafsdóttur, „Með eld í brjósti“. Kvennakórinn Katla söng undir stjórn Lilju Daggar Gunnarsdóttur og Hildigunnar Einarsdóttur við gjörninginn. Þar voru 100 vaxbrjóst brennd undir söngnum „Brennið þið vitar“, en gjörningurinn hlaut styrk frá afmælisnefndinni. Þá flutti Söngflokkurinn Áfram stelpur nokkur lög af plötunni „Áfram stelpur“. Leiklestur var á „*Lokaæfingu*“, leikriti Svövu Jakobsdóttur. Nanna Kristín Magnúsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson leikarar fluttu. Verðlaun voru afhent í smásagnasamkeppni Soroptimista vegna 100 ára afmælisins, en Soroptimistar fengu styrk frá afmælisnefndinni til að halda samkeppnina. Unnur Sara Eldjárn söng og lék eigin lög. Áður en þessi dagskrá hófst, eða klukkan 13.00 til 17.00, var dagskrá á vegum Ungra femínista í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Guðsþjónusta var haldin kl. 20.00. Það var hin árvissa *kvennamessa Kvennakirkjunnar* sem var að þessu sinni haldin á Klambratúni.

Tónleikarnir „Höfundur óþekktur“ voru haldnir í Hörpu um kvöldið á vegum afmælisnefndarinnar. Tónleikarnir voru haldnir samkvæmt samningi við KÍTÓN, félag kvenna í tónlist, um kvennatónleika og þætti eða sjónvarpsmynd, eina eða tvær, um stöðu kvenna í tónlist og sá KÍTÓN alfarið um alla framkvæmd. Þátturinn þeirra var sýndur í Sjónvarpinu (RÚV) að kvöldi 18. júní kl. 20.00 og bar heitið „Höfundur óþekktur – saga íslenskra kvenhöfunda í tónlist“. Tónleikarnir voru einnig undir heitinu „Höfundur óþekktur – tónleikar KÍTÓN og framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna“. Þemað var Höfundarverk kvenna – kynjasnúningur og endurkoma. Tónleikunum var sjónvarpað beint á RÚV og var Eldborgarsalurinn þéttsetinn.

Tvær sýningar sem afmælisnefndin stóð að voru opnaðar síðdegis 19. júní. Fyrst má nefna sýninguna í Þjóðminjasafninu, „*Hvað er svona merkilegt við það? – Störf kvenna í 100 ár*“. Hin sýningin var „*Tvær sterkar*“. Það var sýning á verkum Júlíönu Sveinsdóttur og hinnar færeysku Ruth Smith sem opnuð var á Kjarvalsstöðum.

Allan daginn voru sýningar opnar víða um borgina. Í Ráðhúsi Reykjavíkur var sýningin „*VERA:KVEN:VERA*“, innsetning Guðrúnar Sigríðar Haraldsdóttur. Sýning í Þjóðarbókhöllu nefndist „*Vér heilsum glaðar framtíðinni*“. Sýning í Árbæjarsafni hafði yfirskriftina „*Hjáverkin – atvinnusköpun kvenna í heimahúsum*“. Aðgangur var ókeypis og leiðsögn um þátt kvenna í öllum húsum safnsins. Svo var sýning Borgarskjalasafns Reykjavíkur „*Ásýnd kvenna við upphaf kosningaréttar 1915*“ í Grófarhúsi. Og síðast en ekki síst var í Sjóminjasafninu sýningin „*Sjókonur – sjósókn íslenskra kvenna í fortíð og nútíð*“.

Hluti viðburða í Reykjavík var í samstarfi við Reykjavíkurborg og hin ýmsu söfn í borginni, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands og Kvennakirkjuna. Sækja þurfti um leyfi til allra viðburða í borginni til borgarskipulags og óska formlega eftir því við lögregluna

að loka götum. Lögreglustjórinn í Reykjavík, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, var mjög hjálplegur við þá vinnu.

Á Alþingi var hátíðarfundur að morgni 19. júní þar sem Alþingi samþykkti að stofna Jafnréttissjóð Íslands. Að loknum fundinum fór þingforseti ásamt föruneyti og lagði krans á leiði Ingibjargar H. Bjarnason í Hólavallagarði, en hún var fyrst kenna kjörin á þing. Þá var opnuð vegleg sýning í Alþingishúsinu sem var opin almenningi daginn eftir, laugardaginn 20. júní. Sýningin var síðan opin almenningi í þinghléi um sumarið.

Hátíðahöld 19. júní víðar en í Reykjavík

Hátíðahöld voru víða um land 19. júní, á vegum sveitarfélaga, kvennasamtaka og kvenfélaga. Var dagskrá á hverjum stað kynnt á vefsíðu afmælisins. Ekki er unnt að gera grein fyrir hátíðardagskrá á öllum stöðum í þessari stuttu samantekt, en vegleg dagskrá var víða um land og má nefna Dalvík, Akureyri, Akranes, Ólafsvík, Snæfellsbæ þar sem sett var upp sýningin „Þær mörkuðu sporin“, sjá einnig auglýsingu, plaköt, og nánar í greinargerð, Hvanneyri, Vestmannaeyjar, Höfn í Hornafirði, sjá nánar í greinargerð frá Hornafjarðarsöfnum, Árborg, Reyðarfjörð, Fljótaldalshérað, Seltjarnarnes, Kópavog, Hafnarfjörð, Ísafjörð og Vesturbyggð. Þá var hátíðardagskrá í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Síðar í þessari greinargerð verður rakin dagskráin á Akureyri sem dæmi um framtak og hátíðahöld sem sveitarfélag á landsbyggðinni stóð mjög myndarlega að.

Aðrir viðburðir sem hvatt var til og afmælisnefndin kom að

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í Hörpu 11. júní 2015 með konum í lykilhlutverkum þar sem verk kvenna voru á efnisskrá, frá tónverkinu „Sláttu“ eftir Jórinni Viðar til verðlaunaverksins „Dreymis“ eftir Önnu Þorvaldsdóttur. Önnur verk á tónleikunum voru forleikurinn „The Wreckers“ eftir Ethel Smyth og „Gelíska sinfónían“ eftir Amy Beach.

Á efnisskránni voru eingöngu verk eftir konur. Fenginn var þekktur hljómsveitarstjóri, Lidia Amadia, ein af fáum konum í því hlutverki, sem stjórnaði Sinfóníuhljómsveitinni þetta kvöld. Einleikari var Ástríður Alda Sigurðardóttir. Sjá nánar kynningarefni og efnisskrá. Tónleikarnir voru haldnir í samstarfi við afmælisnefndina sem styrkti þá veglega. Menntamálaráðherra bauð til móttöku í tilefni af þessum viðburði í Hörpu. Fjármálaráðherra var gestgjafi.

Fyrir tónleikana og í tengslum við þá var haldið málþing um stöðu kvenna í klassískri tónlist, bæði sem höfunda og hljóðfæraleikara.

Frímerki

Frímerki kom út í tilefni afmælisins í apríl 2015 á vegum Íslandspósts, sjá frétt:



„Þess er minnst í ár að 100 ár eru frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt og kjörgengi. Ýmislegt stórt og smátt verður á döfinni allt árið og ættu allir Íslendingar, konur og karlar, að minnast þessa merka áfanga með stolt í hjarta. Taktu þátt í að minnast þess að í ár er 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi.

Frímerkið hér að ofan var gefið út af Póstinum 30. apríl 2015 til að minnast 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna. Hönnuður er Kristín Þóra Guðbjartsdóttir.“

Sveitarfélögin

Sveitarfélögin gengust fyrir viðburðum og settu á laggirnar fjölbreytt verkefni, sem of langt mál er að telja upp hér, hvert á sínum stað. Má segja að kosningaréttarafmælisins hafi verið minnst á flestum ef ekki öllum bæjarhátíðum, héraðsmótum og sveitahátíðum á árinu. Örfá dæmi verða nefnd hér. Bæði Akureyri og Reykjavík voru með mikinn fjölda viðburða, skemmtanir, fundi og sýningar. Sjá [dagskrána á Akureyri](#). Hún var metnaðarfull og skemmtileg. [Reykjavíkurborg var með 100 viðburði](#) og voru ýmsir þeirra í samstarfi við afmælisnefndina. Fljótsdalshérað gekkst fyrir málþinginu [Konur í stjórnámálum](#) á Egilsstöðum 6. nóvember með tilstyrk afmælisnefndar. [Menningarvika Grindavíkur](#) var tileinkuð 100 ára afmæli kosningaréttarins í samstarfi við Kvenfélag Grindavíkur. Víða var 40 ára afmælis kvennafrídagsins 24. október minnst eins og á [Ísafirði](#) og á [Akureyri](#) í samstarfi Jafnréttisstofu og fleiri aðila. Jafnréttissjóður hélt málþing til að minnast 40 ára afmælisins undir yfirskriftinni „[Kyn og fræði – ný þekking verður til](#)“. Dalvíkurbyggð hélt málþing um Ingvildi fagurkinn úr Svarfdælasögu á hátíðinni Svarfdælskum mars 28. mars og þá fékk torgið fyrir framan ráðhúsið á Dalvík nafnið Ingvildartorg. Þá má nefna að leikskólar Dalvíkurbyggðar sýndu myndband um kynjahlutverkin í tilefni kosningaréttarafmælisins og Kristjana Arngrímsdóttir hélt tónleika með eigin lögum við ljóð kvenna.

Kórar

Kórar landsins æfðu og fluttu baráttusöngva og lög kvenna fyrir tónleika 2015. Það á jafnt við um kvennakóra, karlakóra og blandaða kóra. Stærstu kvennakórnir héldu svo sérstaka tónleika í tilefni 100 ára kosningaréttar kvenna, auk þess sem margir kóranna sungu við hátíðahöldin 19. júní í miðborginni. Kvennakór Reykjavíkur hélt tónleikana [Móðir, kona, meyjia](#) í Gamla bíói með dagskrá um kvennasöguna. Dagskrár hinna ýmsu tónleika er að finna í skjalasafni Alþingis. Á sumardaginn fyrsta héldu allir kórarnir í sönghúsinu Dómus Vox [tónleikana „Konur í 100 ár“ í Hörpu](#), alls 150 konur á öllum aldri. Kórarnir voru Vox feminae,

Hrynjandi, Cantabile og Aurora. Léttisveit Reykjavíkur hélt einnig fjölmenna hátíðartónleika í Hörpu í maí.

Skólar – leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar

Skólar – leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar – nýttu tímamótin vel til að flétta inn í námsefnið um fjölbreyttum kosningaréttinn og afmælið. Fréttir bárust af fjölbreyttum efnistöfum.

Skólavefur

Skólavefur var útbúinn á vegum afmælisnefndarinnar til að auðvelda skólum að fjalla um kvennabaráttuna, kosningaréttinn og sögu hans, með verkefnum og fróðleik.



Skólavefurinn með verkefnum fyrir kennara og nemendur var opnaður síðla hausts 2014. Halldór Björgvin Ívarsson sögukennari hannaði vefinn. Skólavefurinn ætti að vera aðgengilegur á vef afmælisnefndarinnar til loka júlí 2017 og jafnvel lengur á framangreindri slóð. Vefurinn var sendur öllum skólum og skólastjórum, fræðslustjórum og skólaskrifstofum sem komu honum síðan áfram til kennara. Einnig hafa námsmenn á ýmsum skólastigum sem unnu verkefni tengd árinu 2015 nýtt sér vefinn. Halldór mun bæta við efni inn á vefinn á komandi misserum.

Söfnin

Söfnin um allt land, *bókasöfn og byggðasöfn*, tóku vel í að gera afmælinu góð skil og bárust frá þeim fjölbreyttar hugmyndir. Margar þeirra urðu að veruleika og eru ekki til tæmandi upplýsingar um allt sem þar var til umfjöllunar og sýnis. Byggðasafn Reykjanesbæjar var með sýninguna „Konur í sögu bæjarins. Brot úr sagnabáttum Mörtu Valgerðar Jónsdóttur“ í tilefni 100 ára kosningarafmælis kvenna í Duus safnahúsum 6. júní – 30. ágúst 2015, eina af mörgum sýningum í Reykjanesbæ í tilefni ársins, en þar voru 12 sýningar á árinu, sjá yfirlit frá Valgerði Guðmundsdóttur, menningarfulltrúa í Reykjanesbæ. Þar er yfirlit yfir þær sýningar og verkefni sem söfnin í Reykjanesbæ ákváðu að standa fyrir í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna í ár. Sýningarnar og verkefni eru af ýmsum toga og af misjafri stærðargráðu, en allt átti þetta að beina athygli að konum og þeirra verkum í samfélaginu. Í bókasafni Seltjarnarness voru haldnar „Stelpustundir“ fyrir unglingsstúlkur. Nánari upplýsingar um hverja sýningu má sjá á vefjum safnanna.

Safnahús Borgarfjarðar gekkst fyrir sýningunni „Gleym þeim ei“ sem undirbúin var í samstarfi við afkomendur kvenanna sem um er fjallað þar undir stjórn Guðrúnar Jónsdóttur safnstjóra. Sýningin „Atorkukonur“ var sett upp í Safnahúsi Vestmannaeyja í september. Í Borgarbókasafninu var í september opnuð sýningin „Ráðherraspilið“ eftir Hallgrím Helgason. Á Vökudögum var sett upp sýningin „Lengi býr að fyrstu gerð. Tónlistararfur frá Kirkjuholi“ í Bókasafni Akraness með ljósmyndum og stuttu æviágripi þriggja kynslóða kvenna sem bjuggu á Akranesi frá upphafi þriðja áratugar síðustu aldar. Bókasafnið í Dalvíkurbyggð setti upp myndasýninguna „Myndir af ömmu – Konur í Dalvíkurbyggð“, sem myndahópur skjalasafnsins undirbjó en hann er áhugahópur um gamlar myndir sem fundar þar vikulega. Á

sýningunni sögðu þrjár konur frá minnisstæðri ömmu sinni. Skjalasafn Dalvíkurbyggðar setti einnig upp sýninguna „100 ára kosningaréttur kvenna og kvenfélög í Dalvíkurbyggð“. Svona mætti lengi telja, en það er nokkuð tilviljanakennt hvað upp er talið.

Listasöfnin

Listasafn Reykjavíkur tók virkan þátt í að benda á styrk og áhrif myndlistarkvenna með nokkrum sýningum á árinu. Ein þeirra var sýningin Kvennatími – Hér og nú 30 árum síðar sem opnuð var á Kjarvalsstöðum 12. september. Þar voru sýnd nýleg verk eftir 27 listamenn. Tilurð sýningarinnar Kvennatími – Hér og nú þrjátíu árum síðar má rekja til samsýningarinnar „Hér og nú“ á Kjarvalsstöðum árið 1985 en þá sýndu 28 ungar listakonur ný verk. Sýningin var umfangsmesti viðburður Listahátíðar kvenna sem efnt var til vegna loka kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna. Afmælisnefndin styrkti útgáfu rits um sýninguna „Kvennatími – Hér og nú 30 árum síðar“ og mun það koma út á árinu 2016.

Listasöfnin um allt land voru með sérstakar sýningar um list kvenna, listakonur og fleira tengt konum árið 2015. Haldnir voru fyrirlestrar um efnið og málþing. Sem dæmi má nefna á Akureyri „Listakonan í Fjörunni“, „Sjókonur“ í Sjóminjasafninu í Reykjavík, „Tvær sterkar“ á Kjarvalsstöðum, - sýningar á verkum Júlíönu Sveinsdóttur og hinnar færeysku Ruth Smith, yfirlitssýning í Listasafni Íslands á listaverkum kvenna á síðustu öld, „Áhrifakonur í íslenskri myndlist“ og yfirlitssýningu á verkum Nínu Tryggvadóttur á sama stað. Gerðarsafn í Kópavogi var með „Birtingu“, sýningu og viðburði vegna afmælisins í maí á Listahátíð. Í Ásmundarsafni var opnuð í febrúar 2015 sýningin „Vatnsberinn – Fjall + Kona“ og Nýló-kórinn frumflutti þar talverkið Vatnsberann. Listasafn Sigurjóns Ólafssonar setti upp sýninguna „Gyðjur, konumyndir Sigurjóns Ólafssonar“. Er hér fátt eitt upptalið.

Kvenfélögin

Kvenfélögin funduðu um verkefni og viðburði sem þau hygðust efna til á afmælisárinu og hið sama má segja um jafnréttis- og kvennahreyfingar. Kvenfélögin voru til dæmis með fjölda viðburða eins og sjá má í ársskýrslu KÍ og sameinuðust mörg þeirra um verkefni til að þau yrðu veglegri. Mörg þessara verkefna fegnu styrki frá afmælisnefndinni og viðbótarstyrki víðar að, svo sem frá sveitarfélögum. Til dæmis sameinuðust sex kvenfélög í uppsveitum Árnessýslu um verkefni undir heitinu „Svipmyndir fyrir framtíðina um fortíðina úr nútímanum“. Þrjú kvenfélög sameinuðust um verkefnið „Konur fyrr og nú“, þ.e. Kvenfélag Gaulverjabæjar, Kvenfélag Hraungerðishrepps og Kvenfélag Villingaholtshrepps, sem tengt var héraðshátíðinni „Fjör í Flóa“. Kvenfélag Álftaness hélt sunnudaginn 27. september 2015, á fæðingardegi Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, ráðstefnu undir yfirskriftinni „Konur, nýtið kosningaréttinn! Dagskrá í minningu Bríetar“. Þá má geta þess að Samband Skagfirskra kvenna hélt hátíðardagskrá í Miðgarði 1. febrúar 2015 til að minnst kosningaréttarafmælisins. Kvenfélagið Sigurvon í Þykkvabæ vann verkefni og sýningu undir heitinu „Líf og atvinnuþáttaka kvenna í 100 ár í Djúpárhreppi hinum forna“. Konur á Birkimel á Barðaströnd létu smíða skrifpúlt og héldu upp á árið undir kjörorðinu „Orð eru til alls fyrst“. Zontaklúbburinn Þórunn Hyrna og Zontaklúbbur Akureyrar tóku sig saman og minntust þessara merku tímamóta með sameiginlegu verkefni og með viðburðum 19. júní á Akureyri. Þá var afmælisins minnst á Skotthúfunni 17.–19. júlí í Norska húsinu í Stykkishólmi í

dagskránni þar. Kvenfélagið Bláklukka á Fljótsdalshéraði bauð til sín kvenfélagskonum á Borgafirði eystri og fögnuðu félagakonur saman 19. júní 2015. Konubókastofa stóð fyrir dagskrá í Rauða Húsinu á Eyrarbakka 22. mars 2015 undir yfirskriftinni „Kosningaréttur – kvennabarátta og framtíðarhorfur“. Þá má nefna samstarfsverkefni Kvenfélagasambandsins og nemenda í Háskólanum í Reykjavík, málþing að Hallveigarstöðum þar sem umræðuefnið var „Hækkun kosningaaldurs í 25 ár“. Kvenfélögin Hlíf og Hvöt á Ísafirði voru með dagskrá 19. júní í samstarfi við hópinn „Í kjölfar Bríetar“ en sá hópur var með veglega ráðstefnu á kvennafrídaginn 24. október á Ísafirði á 40 ára afmæli hans. Soroptimistaklúbbur Snæfellsness hélt sýningu í Átthagastofu Snæfellsbæjar í Ólafsvík 19. júní. Var hún í samstarfi við Átthagastofu, Kvenfélag Hellissands og Kvenfélag Ólafsvíkur. Í Snæfellsbæ útbjuggu skólabörn í 7. bekk skemmtilegt myndband um 100 ára afmæli kosningaréttarins. Kvenfélag Selfoss og sveitarfélagið Árborg settu upp sýninguna „Í minningu mætra kvenna“ á Selfossi. Þá var haldið málþing á vegum Rauðsokka um Vilborgu Harðardóttur í Þjóðminjasafninu. Bandalag kvenna í Reykjavík gekkst fyrir málþinginu „Úr glatkistunni“. Félagstarfið í Gerðubergi setti upp sýninguna „Rauðsokkar og húfuskott“ í tilefni 100 ára kosningaréttar kvenna. Allan desember 2015 var opin sýning í Gerðubergi á listaverki þeirra, handverksóráa, úr rauðum skotthúfum og sokkum, sem konur í félagstarfi Gerðubergs unnu í samstarfi við Menningarhúsið. Fagfélög kvenna héldu málþingið „Með Storminn í fangið“ um stöðu menntaðra kvenna í október 2015, sjá nánar dagskrá. Sett var upp sýningin Handverk kvenna í 100 ár á Hvanneyri haustið 2015. Þessi upptalning um viðburði kvenfélaga og kvennasamtaka er alls ekki tæmandi.

Kvenréttindafélagið

Kvenréttindafélagið lét gera farand-kvennasýningu á íslensku og ensku sem ferðaðist í kringum landið og staldraði við í mánuð á hverjum stað, sbr. frásögn frá Akureyri hér í kafla síðar í greinargerðinni. Þá kom út hátíðarútgáfa af 19. júní á vönduðum pappír í tilefni afmælisins en ritið hefur verið gefið út sem vefrit undanfarið. Afmælisnefndin styrkti hvoru tveggja.

Bókaútgáfa, heimildarmyndir, dansverk og leikrit

Bækur komu út sem voru styrktar af afmælisnefnd. Þar má nefna sem dæmi bók Gunnhildar Hrólfsdóttur um konur í Vestmannaeyjum sem ber heitið „Þær þráðinn spunnu“. „Frú ráðherra, sögur kvenna á ráðherrastóli“ er bók eftir Sigrúnu Stefánsdóttur og Eddu Jónsdóttur. Heimildarmynd er í vinnslu hjá Hannesarholti, handrit er eftir Þórunni Jörllu Valdimarsdóttur og kvikmyndagerð í höndum Björns Brynjúlfs Björnssonar. Saga Jónsdóttir vann dagskrá upp úr leikriti sínu um Vilhelminu Lever, „Borgarinnan“, og flutti 19. júní á Akureyri með tilstyrk nefndarinnar. Á fyrri hluta ársins 2016 mun koma út Sýnisbók um verk eftir óþekktar konur á vegum Safnasafnsins. Safnið gefur þá einnig út Sýnisbók safneignar, og verða báðar prentaðar hjá Litrófi í Reykjavík, ásamt Sýningarskrá 2016, með tilstyrk afmælisnefndarinnar. Anna Kuran samdi dansverkið „Bríeti“ um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, formóður sína, og var það sýnt í Tjarnarbíói. Afmælisnefndin styrkti gerð verksins.

„Instagram“-myndasamkeppnir

Ljósmynda- og stuttmyndasamkeppnir voru haldnar. Ein á vegum afmælisnefndarinnar með tilstyrk félags- og húsnæðismálaráðherra, **#hundraðgram**, sem Hanna Björg Vilhjálmisdóttir og Unnur Gísladóttir höfðu umsjón með, og önnur á vegum Orkuveitunnar „Orka kvenna“, **#kvenorka**. Báðar heppnuðust vel og var þátttaka mjög góð.

Ríkisútvarpið

Framkvæmdastjóri átti fund með Magnúsi Geir Þórðarsyni útvarpsstjóra sem sýndi þessu afmæli mikinn áhuga. Árangurinn af þeim fundi var margvíslegur, meðal annars örbættirnir „*Öldin hennar*“ – 52 stuttir þættir sýndir á sunnudagskvöldum vikulega allt árið 2015. Þeir voru allir endurteknir í vikunni á eftir. Þættirnir eru allir í Sarpi RÚV. Fjallað var um stóra og stefnumarkandi atburði sem tengjast sögu íslenskra kvenna og baráttu þeirra fyrir samfélagslegu jafnrétti og varpað ljósi á kvennapólitík í sínum víðasta skilningi. Framleiðandi var Saga Film undir stjórn Margrétar Jónasdóttur og Hrafnhildar Gunnarsdóttur. Afmælisnefndin styrkti þessa þætti veglega.

Ríkisútvarpið kom öflugt að upptaktinum að afmælisárinu sem var fyrirlestur Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, „*Um hagi og réttindi kvenna*“, sem hún hélt í Reykjavík 30. desember 1887. Hann var fyrsti fyrirlestur konu á Íslandi. Fyrirlesturinn var fluttur í Iðnó 30. desember 2014, undir stjórn Ásdísar Skúladóttur leikstjóra og undir heitinu „... frá vöggunni til grafarinnar settar á kné karlmönnum ...“, en sjö leikkonur leiklásu fyrirlesturinn fyrir fullu húsi. Á nýársdag 2015 flutti útvarpið fyrirlesturinn í leikritsformi sem Ásdís vann og stjórnaði og fóru sömu leikkonurnar með textann. Leikskrá frá sýningunni í Iðnó er í skjalasafni Alþingis. Á gamlárskvöld 2014 var vandaður þáttur í Sjónvarpinu, „Á morgun“, til heiðurs þeim Jórunni Viðar og Ingibjörgu Þorbergs í flutningi listakvenna. Mætti telja marga fleiri einstaka þætti í Sjónvarpinu vegna afmælisársins sem yrði of langt mál.

Beinar útsendingar voru í útvarpi og sjónvarpi RÚV frá viðburðum og hátíðahöldum 19. júní í Reykjavík. Þátturinn „*Höfundur óþekktur – saga íslenskra kvenhöfunda í tónlist*“ var sýndur í Sjónvarpinu (RÚV) að kvöldi 18. júní, en hann var upptaktur að tónleikunum í Hörpu kvöldið eftir. Fjölmarginir útvarpsþættir voru um kvennabaráttuna og sögu kosningaréttar kvenna, viðtalsþættir við framákonur og mjög merkir tónlistarþættir sem Una Margrét Jónsdóttir annaðist. Hún hlaut styrk frá afmælisnefndinni til að kanna og leita uppi baráttulög og láta útsetja þau og taka upp. Þarna var margt mjög merkilegt á ferð og á Una Margrét þakkir og hrós skilið fyrir þetta mikla verk á árinu. „*Undarleg ósköp að vera kona*“ nefndist þáttur í Sjónvarpinu 18. júní 2015. Þar var fjallað um baráttu íslenskra kvenna fyrir réttarbótum og bættum kjörum í upphafi og á seinni hluta síðustu aldar. Þátturinn var gerður í tilefni af því að liðin eru hundrað ár frá því að konur á Íslandi fengu kosningarétt og kjörgengi sem er forsenda fyrir fullu jafnrétti. Umsjón og dagskrárgerð annaðist Andrés Indriðason. Þá var heimildarmynd um kvennahljómsveitina Dúkkulísur sýnd að kvöldi 19. júní. Sjá nánar fleiri dagskrárliði vegna afmælisins á vef RÚV.

N4-sjónvarpsstöðin

N4-sjónvarpsstöðin gerði sjónvarpsþátt um fyrsta kvenfélagið á Íslandi, Kvenfélag Rípurhrepps. Umsjón hafði María Björk Ingvadóttir. Afmælisnefndin styrkti gerð þáttarins.

Hátíðahöld

Hátíð var haldin á Arnarhóli 28. júní 2015, undir heitinu „Þjóðin sem valdi Vigdís – 35 ár frá sögulegu forsetakjöri“, í tilefni þess að 35 ár voru liðin frá kjöri Vigdísar Finnbogadóttur sem forseta Íslands. Afmælisnefndin kom að þessum viðburði með styrk til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Afmælishátíð vegna kosningaréttarafmælisins var einnig haldin í Bæjarbíói í Hafnarfirði með tilstyrk afmælisnefndnarinnar. Stóð hún yfir í september 2015 og var gefið út blað í tengslum við hátíðina.

Fræðslugöngur um konur

Boðið var upp á fræðslugöngur um konur á árinu. Í Reykjavík var gangan „Ingibjörg Guðrún, Katrín, Kristín og Rannveig“ um fyrstu fimm konurnar sem kjörnar voru til setu á Alþingi vinsæl. Hún var fyrst farin 20. júní og svo nokkrum sinnum um sumarið. Á Akureyri var kvennasöguganga 18. júní, á Seltjarnarnesi 19. júní undir leiðsögn Sólveigar Pálsdóttur um konur á Nesinu og á Akranesi 17. júní og aftur í nóvember undir heitinu „Hvaða kerlingar?“. Akranessgangan var í samstarfi við Skagaleikflokkinn. Víðar var gengið og var leiðsögnin um kvennaslóðir undir ýmsum formerkjum eftir því hvar gengið var.

Ýmislegt

Sýning í tilefni 100 ára afmælisins var sett upp í Guðnýjarstofu í Byggðasafninu í Görðum og nefndist hún „Saga líknandi handa“. Þetta er saga kvenna á Akranesi, kvenna sem sinntu umönnun sjúkra og fyrsta sjúkraskýlinu, saga ljósmæðra, hjúkrunarkvenna og annarra heilbrigðisstétta. Sýningin var sett upp að frumkvæði bæjarstjórnar eftir hvatningu frá framkvæmdastjóra afmælisnefndarinnar og hafði Ingibjörg Pálmadóttir, bæjarfulltrúi og fyrrverandi heilbrigðisráðherra, frumkvæði að gerð sýningarinnar. Þá má nefna „Fíneri úr fórum formæðra“, sýningu á Blönduósi, og „Hjáverkin“, sýningu í Árbæjarsafni, um það hvernig konur drýgðu tekjur heimilisins á síðustu öld. Samhliða kom út hjá Árbæjarsafni bók með myndum frá síðustu öld af konum við fjölbreytt störf. Áður er nefnd sýningin „Gleym þeim ei“, í Borgarnesi.

Eftir ánægjulegt samtal við Guðrúnu Nordal, forstöðumann Árnastofnunar, um hvort stofnunin gæti ekki gert eitthvað í tilefni afmælisins, birti Árnastofnun mjög fróðlega og fjölbreytta pistla á vefsíðu sinni vikulega út árið. Til stendur að gefa pistlana út í bókarformi. Sjá nánar greinargerð frá stofnuninni um styrk, en þar er getið um efni pistlanna. Stéttarfélagið Framsýn á Húsavík gekkst fyrir opnum fundi í samstarfi við Jafnréttisstofu á Húsavík og svona mætti lengi telja.

Ömmufyrirlestrarnir – sögu kvenna þarf að rita

„Marqar myndir ömmu“, fyrirlestraröð RIKK á vormisseri 2015, sem afmælisnefndin styrkti, sló öll aðsóknarmet og sprengdi utan af sér stærstu fyrirlestrasali. Fyrirlestrarnir eru margir aðgengilegir á vef RIKK og er ætlunin að þeir komi út síðar í Fléttum, ritröð stofnunarinnar. Kviknaði mikill áhugi fólks á að skrifa sögur formæðra sinna. Tilfinnanlegur skortur er á heimildum um konur í skjalasöfnum og var ráðist í að kalla eftir skjölum kvenna í sérstöku átaki Þjóðminjasafnsins, Háskólabókasafnsins, Kvennasögusafnsins og héraðsbókasafna um land allt. Þetta átak var styrkt af afmælisnefndinni og er enn í gangi.



Fánar

Fánar með merki afmælisársins voru útbúnir og fór Vilborg Arna Gissurardóttir pólfari með einn slíkan fána í Everest-göngu sína og hugðist flagga honum á tindinum. Jarðskjálftar og hamfarir komu í veg fyrir það, en fáninn er grafinn þarna einhvers staðar. Blessunarlega komst Vilborg Arna heil á húfi frá þeim hildarleik þótt ekki hafi hún komist á tind Everest í það sinn. *Fánunum var m.a. flaggað við alþjóðaráðstefnuna 22. og 23. október fyrir utan Hörpu.*

Hátíðahöld 19. júní á Akureyri, dæmi um afmælishald að frumkvæði bæjarfélags á landsbyggðinni

Allflest sveitarfélög tóku þátt í afmælishaldinu og var aðáunarvert á hve fjölbreyttan hátt það var gert. Hér er dæmi um hvernig Akureyrarbær hélt upp á afmælið, en Akureyringar gerðu því mjög góð skil. Bæjarstjórnin sjálf lét ekki sitt eftir liggja, en afmælisins hefur verið minnst á hverjum bæjarstjórnarfundi á árinu og hefur bæjarstjóri þá jafnan flutt pistil í tilefni þess. Dagskráin á Akureyri er dæmi um hve þátttaka sveitarfélags var mikil án þess að afmælisnefndin kæmi þar beint að, nema með hvatningu og litlum verkefnastyrkjum til einstakra verkefna.

Hinn 19. júní hófst dagskráin í Lystigarðinum. Lesið var upp úr Sögu Lystigarðsins og starfsfólk garðsins opnaði gróðurhúsið og veitti upplýsingar um ýmislegt tengt garðinum. Erla Sigríður Sigurðardóttir lék á harmoníku. Leiðsögn var um ljósmyndasýningu ÁLF-Kvenna, „Maddama, kerling, fröken, frú“. Kvinnakór Akureyrar söng og ljúfar veitingar voru í Café Laut. Syngjandi skrudganga var farin úr Lystigarðinum og gengið að Ráðhústorgi. Kvinnakór Akureyrar leiddi fjöldasöng lagsins „Áfram stelpur“. Dansarar frá Steps Dance Center mættu sem Mary Poppins og félagar úr Dansfélaginu Vefaranum mættu þrúðbúnir. Allir voru hvattir til að mæta í þjóðbúningum eða þrúðbúnir. Marimba-sveitin Kijana Marimba úr Þingeyjarskóla spilaði á göngugötunni.

Dagskrá var á Ráðhústorgi og kynntu Lára Sóley Jóhannsdóttir og Hjalti Jónsson hana. Hugleiðingar og hvatningarorð fluttu Sigrún Stefánsdóttir, Arnaldur Starri Stefánsson og Silja Björk Björnsdóttir. Vilhelmína Lever mætti á svið, Kvinnakór Akureyrar söng, dansatriði var frá Steps Dancecenter, Sigrún Marý McCormick, Kamilla Dóra Jónsdóttir, Aldís Bergsveinsdóttir og Eva Laufey Eggertsdóttir sungu og Tryggvi Unnsteinsson spilaði á gítar. Hljómsveitin Eva lauk dagskránni og sungu og dönsuðu gestir Ráðhústorgsins við undirleik hennar.

Fjölmargar listsýningar og aðrir viðburðir tengdir 100 ára kosningaréttarafmæli kvenna voru haldnir á árinu á Akureyri. 15. júní var sýningin „*Heill sé þér mæta kona*“ opnuð í Héraðsskjalasafninu á Akureyri. Sýningin var opin til 30. júní og sýningin „*Konur og mótörhjól*“ var opnuð í Mótörhjólasafninu á Akureyri 12. júní. 16. júní var opnuð sýningin „*Kjörklefinn*“ í Flóru með verkum Margrétar Jónsdóttur. Kjörklefinn er innsetning sem gerð var til að heiðra minningu Vilhelminu Lever sem kaus fyrst kvenna hér á landi árið 1863, eða 52 árum áður en kosningaréttur kvenna var lögleiddur á Íslandi. Með áræðni sinni og kjarki ruddi hún braut kvenna og enn, 152 árum síðar, getur hún verið konum fyrirmynd í því að láta ekki kúga sig eða dæma sem annars flokks borgara vegna kynferðis. 18. júní var listamannaspjall með Margréti. Sýningin „*Margrét í mótun*“ var í Kartöflugeymslunni með vídeóverkum Örnú Valsdóttur og stóð sýningin til 28. júní. Sýningin „*Handmálaðir draumar og myndverk með undirleik*“ með verkum Hjördísar Frímammar var opnuð 18. júní í bókasafni Háskólans á Akureyri. Listamannaspjall var í Flóru með Margréti Jónsdóttur. Um kvöldið var kvennaganga á vegum Minjasafnsins á Akureyri, Jafnréttisstofu og Héraðsskjalasafnsins á Akureyri. Gangan hafði yfirskriftina „*Í fótspor Vilhelminu – fyrstu konunnar sem kaus á Íslandi*“. Gengið var frá Laxdalshúsi að Hafnarstræti 11 og gengið um slóðir Vilhelminu Lever í Innbænum og Fjörunni og endað á Minjasafninu á Akureyri.

Sýningar og aðrir viðburðir 19. júní á Akureyri. Sýningin „*Skundum á kjörstað*“ var opnuð í Litlu saumastofunni, Brekkugötu 9, þar sem Þórdís Jónsdóttir sýndi handbróðeraða púða. Á púðunum voru myndir af konum í íslenskum búningi að skunda á kjörstað árið 1915. Sýningin var opin í mánuð. Sýningin „*SvuntAndi*“ var opnuð í menningarhúsinu Hofi með verkum Brynhildar, Dagrúnar, Jonnu og Þóru. Á Akureyri Backpackers var sýndur þátturinn um Vilhelminu Lever úr þáttaröðinni „*Öldin hennar*“ af RÚV og umfjöllun N4 um fyrirmyndir. Tónleikarnir „*Karlar fyrir konur*“ voru haldnir tvisvar í Menningarhúsinu Hofi. Sýningin „*Einstæðar mæður*“ eftir ljósmyndarann Önnu King var opnuð í Mjólkurbúðinni í Listagilinu. Hún stóð 19. og 20. júní. Bókaspjall var um bókina „*Frú ráðherra – sögur kvenna á ráðherrastóli*“ í Aðalstræti 82. Sigrún Stefánsdóttir og Edda Jónsdóttir sögðu frá vinnslu bókarinnar, sem byggist á viðtölum við 20 konur sem hafa verið ráðherrar, en bókina er tileinkuð minningu Auðar Auðuns sem fyrst íslenskra kvenna varð ráðherra. Boðið var upp á léttar veitingar og spjall um bókina. Tónleikar voru á Kaffi Ilmi með þeim Helgu og Berglinni. Leikritið „*Þöggun*“ eftir Jón Gunnar Þórðarson var sýnt í Leikhúsinu á Möðruvöllum um kvöldið. 20. júní var í Menningarhúsinu Hofi fagnað útkomu bókarinnar Frú ráðherra – sögur kvenna á ráðherrastóli, en hún kom út þann dag hjá Háskólaútgáfunni. Höfundarnir, Sigrún Stefánsdóttir og Edda Jónsdóttir, sögðu frá vinnslu bókarinnar. Valgerður Sverrisdóttir frá Lómatjörn sagði frá reynslu sinni sem ráðherra og las kafla úr bókinni. Konurnar þrjár sátu síðan fyrir svörum. Afmælisnefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna styrkti útgáfu bókarinnar. Dagskrá var í Samkomuhúsinu þann sama dag þar sem Vilhelminu Lever sem kaus fyrst kvenna í sveitarstjórnarkosningum var minnst og var dagskráin í umsjón Sögu Jónsdóttur. Einnig stikluðu Spékopparnir, leikhópur Félags eldri borgara á Akureyri, á stóru í kosningasögu kvenna. Afmælisnefndin styrkti Sögu Jónsdóttur til verksins.

Jafnréttisstofa tók virkan þátt í að minnast 100 ára kosningaréttarafmæli kvenna. Meðal dagskrárliða á afmælisárinu voru fyrirlestrar í samstarfi við félagsvísindatörg Háskólans á

Akureyri. Af þessu tilefni gaf Jafnréttisstofa út dagatal fyrir árið. *Jafnréttisstofa og heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri* stóð fyrir ráðstefnu með yfirskriftinni „Heilbrigði kvenna í 100 ár“. Flutt voru tíu erindi fræðimanna sem tengjast þessu efni og kynningar á verkefnum meistaranema við heilbrigðisvísindasvið. Fróðlegt er að kynna sér nánar viðburðina sem voru á vegum Jafnréttisstofu á heimasíðunni www.jafnretti.is

Fjölmargar stofnanir tengdar Akureyrarbæ gerðu árinu glæsileg skil. Hér err aðeins talið upp brotabrot af dagskránni.

Konur voru áberandi í sýningarskrá *Listasafnsins á Akureyri* í tilefni afmælisársins eins og sjá má hér: Elísabet Geirmundsdóttir (1915–1959) – Listakonan í Fjörinni 10. janúar – 8. mars. Habbý Ósk – (Ó)stöðugleiki 10.–15. janúar. Rósa Sigrún Jónsdóttir – Svelgir – Ketilhús, 17. janúar – 1. mars. Jóna Hlíf Halldórsdóttir – Hola í vinnslu, vestursalur, 24.–29. janúar. Þóra Karlsdóttir – Skilyrði: Frost, vestursalur, 7.–12. febrúar. Iðunn Ágústsdóttir – Yfirlitssýning, Ketilhús, 7. mars – 19. apríl. Mireya Samper – Endurspeglun, 13. júní – 22. ágúst. Ragnheiður Þórsdóttir – Rýmispæðir, Ketilhús, 12. september – 25. október. Hugsteypan, Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir – Umgerð, Ketilhús, 31. október – 13. desember. Allt árið var kvennasýning í gangi. *Minjasafnið á Akureyri* var með þrjár sýningar á árinu sem tengdust konum. Sú fyrsta var opnuð laugardaginn 21. mars. Það var sýningin „Ertu tilbúin frú forseti?“ sem verið hefur í Hönnunarsafni Íslands. Á sýningunni er sjónum beint að fatnaði frú Vigdísar Finnbogadóttur, opinberrar persónu úr íslensku samfélagi. Vigdís var fimmtug þegar hún var fyrst kvenna kjörin leiðtogi af þjóð sinni í lýðræðislegum kosningum. Frá fyrsta degi, og í þau 16 ár sem hún gegndi embætti forseta Íslands, var hún eftirsóttur þjóðhöfðingi og fyrirmynd. Nærveru hennar og þátttöku var óskað við fjölbreytileg tækifæri, ekki aðeins hér heima heldur víða um heim. Afmælisnefndin styrkti þessa sýningu. Önnur sýningin í safninu var sýning um Sigríði Jónsdóttur, móður Jóns Sveinssonar, Nonna. Sýningin stóð út árið. Þriðja sýningin var vefsýning um kvenljósmyndara. Minjasafnið tók einnig þátt í samsýningu eyfiskra safna sem var opnuð sumardaginn fyrsta.

Í nóvembermánuði var opin sýningin „*Vér heilsum glaðar framtíðinni*“ í Héraðsskjalasafni Akureyrar. Sýningin var hluti samnefndrar sýningar sem opnuð var í Þjóðarbókhöfðu 16. maí og var liður í því að minnast 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Íslandi. Hluti sýningarspjaldanna í Þjóðarbókhöfðu var prentaður sérstaklega og fengu söfn víðs vegar um landið þau til afnota og búin til sýningar með eigin efni úr héraði. Á Akureyri var bætt við skjölum úr geymslum Héraðsskjalasafnsins með efni sem tengja mátti sýningunni. Sýningin var í húsi Amtsbókasafns og Héraðsskjalasafns í Brekkugötu 17. *Hádegisfyrirlesturinn „Brenndu þetta snifsi að lestri loknum“* var í apríl í Héraðsskjalasafni/Amtsbókasafni þar sem Svanhildar Bogadóttur borgarskjalavörður í Reykjavík fjallaði um mikilvægi þess að varðveita einkaskjöl kvenna til jafns við karla. Sýningin „*Heill þér mæta merka kona*“ var opin í júnímánuði. Ávarpið í heiti sýningarinnar gæti átt við mjög margar konur, en það er sótt í ljóð sem Elísabet Geirmundsdóttir listakona orti til Elísabetar Eiríksdóttur, kennara og bæjarfulltrúa, sextugrar. Sýningin byggðist á skjölum sem varðveitt eru í Héraðsskjalasafninu á Akureyri og er þar um að ræða frumskjöl sem varða kosningar, kvennabaráttu, kvenfélög, kvennaklúbba og einstakar konur, þ.e. kvennaskjöl í víðasta skilningi þess orðs. Minnst var sérstaklega Vilhelmínu Lever sem fyrst kvenna á Íslandi kaus til bæjarstjórnar árið 1863. Þess

má geta að önnur kona, Kristbjörg Þórðardóttir, var þá einnig á kjörskrá en nýtti sér ekki „kosningaréttinn“ sem reyndar var ekki óyggjandi. Einnig var minnst þeirra þriggja kvenna sem fyrstar tóku sæti í bæjarstjórn Akureyrar. Það voru þær Kristín Eggertsdóttir, kjörin 1911 og sat í þrjú ár, Halldóra Bjarnadóttir, kjörin árið 1921 og sat í eitt ár, og áður nefnd Elísabet Eiríksdóttir sem tók þar sæti 1927 og sat alls í 19 ár. Á sýningunni voru sendibréf, dagbækur, fundargerðabækur, fálkaorðuskjal, heiðursborgaraskjal, meðmælendalistar til framboðs, ræða þingmanns og margt fleira sem of langt væri upp að telja. Þarna mátti einnig sjá lista yfir konur í sveitarstjórnnum við Eyjafjörð, lista yfir konur sem hafa verið kjörnar á Alþingi í Norðurlandskjördæmi eystra og Norðausturkjördæmi, auk yfirlits í tímaröð yfir áfanga í sögu kvenna og brautryðjenda við Eyjafjörð. Sýningin var opin í júní í húsi Amtsbókasafnsins og Héraðsskjalasafnsins. *Amtsbókasafnið*, menningarhúsið Hof og veitingastaðurinn 1862 Bistro stilltu í samvinnu upp bókahillu við veitingastaðinn þar sem hægt var að nálgast bækur. Þema bókanna var „konur“. Í nóvember var farsýning í safninu um 100 ára kosningarétt kvenna og kom sýningin frá Landsbókasafni – Háskólabókasafni. Í maímánuði var opin í Hofi farandsýning um kvenréttindabaráttu síðustu 100 ára og var hún á vegum Kvenréttindafélags Íslands í samvinnu við Akureyrarbæ og Menningarfélag Akureyrar. Sýningin samanstóð af átta stórum veggspjöldum, myndskreyttum með stuttum texta á ensku og íslensku. Sú sýning var styrkt af afmælisnefndinni. Sýningin, sem var fyrst sett upp á samnorænu jafnréttisráðstefnunni í Svíþjóð sumarið 2014, fór hring um landið með viðkomu í hinum ýmsu sveitarfélögum og endaði í Reykjavík í desember. *Vísur og ljóð íslenskra kvenna*, félagar úr Kvæðamannafélaginu Gefjun kváðu efni eftir konur í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi. Viðburðurinn fór fram 18. apríl að Galtalæk. Súkkulaði og kleinur voru í boði eftir tónleikana. Nánar á vef Akureyrarbæjar.

Starfslok nefndarinnar

Afmælisnefndin lauk störfum eftir að alþjóðaráðstefnunni í Hörpu lauk og var síðasti fundur hennar 3. nóvember. Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá skrifstofu, loka henni og losa skrifstofuhúsnæðið að Hallveigarstöðum fyrir jól. Einnig var framkvæmdastjóra falið að setja saman stutta greinargerð um afmælisárið og kalla eftir skilagreinum frá þeim sem hlutu styrki og samið var við um verkefni. Þá var óskað eftir því að gerð yrði könnun á því hve vel landsmenn hefðu fylgst með afmælishaldinu. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands setti inn í spurningavagn sinn tvær spurningar um það efni og eru niðurstöðurnar væntanlegar síðar í janúarmánuði.

Nokkrir viðburðir verða á árinu 2016, sýningar og málþing. Sérstaklega má nefna sameiginlegt málþing kvennahreyfinga stjórnsmálaflokkanna sem fyrirhugað er nú í janúar.

Vissulega hefði mátt telja upp margt fleira í þessari greinargerð en hér er látið staðar numið.

Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. janúar 2015.